



**Félag atvinnurekenda
c/o Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri
Kringlunni 7
103 Reykjavík**

Reykjavík, 23. febrúar 2016

Málsnr: 201602-0040

Efni: Tjón fyrirtækja vegna seinagangs við eftirlit með förgun á áfengi

Vísað er til erindis, dags. 8. febrúar 2016, varðandi förgun á áfengi og endurgreiðslu áfengisgjalds. Tildrog bréfsins eru kvartanir til Félags atvinnurekenda frá félagsmönnum sem stunda framleiðslu og/eða innflutning á áfengi þess efnis að misbrestur sé á því að Tollstjóri sjái sér fært að verða skjótt við beiðnum um förgun áfengis. Með framangreindu bréfi er farið þess á leit að Tollstjóri leiti leiða til að uppfylla skyldur sínar lögum samkvæmt, virði málshraðareglur stjórnsýslulaga og afstýri frekari tjóni.

Við innflutning á áfengi skal greitt sérstakt gjald af áfengi samkvæmt lögum, nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki, sem Tollstjóri hefur eftirlit með. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 96/1995, er heimilt að endurgreiða áfengisgjald sem fargað er undir eftirliti tollfirvalda. Varðandi álagningu áfengisgjalds á innlenda framleiðslu og eftir atvikum endurgreiðslu gjaldsins, bendir Tollstjóri á hlutverk Ríkisskattstjóra, sbr. 11. gr. reglugerðar, nr. 505/1998 um áfengisgjald. Að teknu tilliti til innihalds erindisins, dags. 8. febrúar 2016, þykir ljóst að kvörtun félagsmanna Félagsins Atvinnurekenda beinist að starfssviði Tollstjóra og er sá hluti erindisins sem ekki varðar starfssvið Tollstjóra því ekki áframsendur.

Að undanförnu hefur Tollstjóri farið yfir verklag við förgun vöru, þ.á m. áfengis. Sú yfirferð hefur ekki leitt ljós að beiðnir um förgun áfengis eða annarra vara hafi legið óhreyfð hjá Tollstjóra í nokkur ár, þótt vissulega komi fyrir að biðtími fari yfir heilt almanaksár. Hafi biðtími vegna förgunar verið jafn langur og nefnt er í framangreindu erindi, er ljóst að um mistök sé að ræða, s.s. misbrestur í skráningu beiðna og framkvæmd förgunar. Tollstjóri hvetur Félag atvinnurekenda eða félagsmenn þess, að benda á slík tilvik svo hægt verði að kanna ástæðu fyrir biðtíma förgunar og endurgreiðslu áfengisgjalds. Að gefnu tilefni er vakin athygli á að til þess að Tollstjóri geti endurgreitt áfengisgjald skal umsækjandi leggja inn beiðni um förgun vöru og beiðni um endurgreiðslu áfengisgjalds sem gert er á eyðublaði E20 sem finna má á heimasíðu Tollstjóra - www.tollur.is. Tollstjóri mælir með að félagsmenn Félags atvinnurekenda og aðrir sem óska endurgreiðslu áfengisgjalds leggi inn beiðnirnar samtímis til að flýta málsmeðferð. Tollstjóri mun áréttu skilyrði til endurgreiðslu við forsvarsmenn tollvörugeymslna sem alla jafna sjá um beiðni um förgun á tollafgreiddu áfengi.

Vegna vinnu við breytt verklag hefur verið lagt til að tollverðir hafi fasta viðveru, ef þurfa þykir, hjá stærstu tollvörugeymslum landsins á fyrirframákveðnum tíma, svo förgun vöru verði framkvæmd með skilvirkum hætti. Með þessari breytingu munu tollverðir hafa fasta viðveru á viðurkenndum förgunarstað og jafnframt upplýsa rekstraraðila tollvörugeymslna sem allra jafna eru beiðendur förgunar um skipulag framkvæmdar. Það er von Tollstjóra að breytt verklag muni auka skilvirkni til hagsbóta fyrir félagsmenn í Félagi atvinnurekenda og förgunartími verði ásættanlegur fyrir alla aðila.

Virðingarfyllst,
f. h. Tollstjóra.



Hörður Davíð Harðarson

Yfirtollvörður – tollafgreiðsludeild

Afrit: Fjármála- og efnahagsráðuneytið